

Fjárföng ehf

Ársreikningur 2021

Efnisyfirlit

Bls.

Undirritun endurskoðanda	2
Skýrsla og áritun stjórnar	3
Efnahagsreikningur	4
Skýringar	5

Fjárföng ehf

kt. 621121-2270

Arnarhvoli, 101 Reykjavík

Áritun ríkisendurskoðanda

Til stjórnar Fjárfanga ehf.

Forsendur, hlutverk og ábyrgð ríkisendurskoðanda

Ríkisendurskoðandi starfar á grundvelli laga nr. 46/2016, um ríkisendurskoðanda og endurskoðun ríkisreikninga og siðareglur alþjóðasamtaka ríkisendurskoðana. Hlutverk ríkisendurskoðanda er að tryggja að fram fari endurskoðun og eftirlit í samræmi við 4. gr. laganna.

Ríkisendurskoðandi ber húsbóndaábyrgð á störfum þeirra endurskoðenda sem starfa hjá Ríkisendurskoðun og framkvæma endurskoðun á grundvelli laga um endurskoðendur og endurskoðun, lögum um ársreikninga og þeim almennu reglum sem þeir hlíta samkvæmt alþjóðlegum endurskoðunarstöðlum fyrir opinbera aðila.

Endurskoðunin var framkvæmd í samræmi við lög nr. 46/2016 um ríkisendurskoðanda og endurskoðun ríkisreikninga og lög nr. 94/2019 um endurskoðendur og endurskoðun.

Ríkisendurskoðun,

Guðmundur Björgvin Helgason
ríkisendurskoðandi.

Áritun endurskoðanda

Til stjórnar Fjárfanga ehf.

Álit

Við höfum endurskoðað meðfylgjandi ársreikning Fjárfanga ehf. fyrir árið 2021. Ársreikningurinn hefur að geyma efnahagsreikning og upplýsingar um helstu reikningsskilaaðferðir og aðrar skýringar.

Það er álit okkar að ársreikningurinn sýni glögga mynd af fjárhagsstöðu Fjárfanga ehf. 31. desember 2021, í samræmi við lög um ársreikninga.

Grundvöllur fyrir álit

Endurskoðað var í samræmi við góða endurskoðunarvenju. Ábyrgð okkar er nánar lýst í kaflanum um ábyrgð endurskoðanda hér á eftir. Við erum óháð Fjárföngum ehf. og höfum starfað í samræmi við lög nr. 94/2019 um endurskoðendur og endurskoðun og siðareglur endurskoðenda. Við teljum að við endurskoðunina höfum við aflað nægilegra og viðeigandi gagna til að byggja álit okkar á.

Ábyrgð stjórnenda á ársreikningnum

Stjórnendur er ábyrgir fyrir gerð og framsetningu ársreikningsins í samræmi við lög um ársreikninga. Stjórnendur eru einnig ábyrgir fyrir því innra eftirliti sem nauðsynlegt er að sé til staðar við gerð og framsetningu ársreikningsins, þannig að hann sé án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka.

Ábyrgð endurskoðenda á endurskoðun ársreikningsins

Markmið okkar er að afla nægjanlegrar vissu um að ársreikningurinn sé án verulegra annmarka, hvort sem er af völdum sviksemi eða mistaka og að gefa út áritun sem felur í sér álit á ársreikningnum.

Nægjanleg vissu er mikið öryggi, en ekki trygging þess að endurskoðun sem framkvæmd er í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla fyrir opinbera aðila muni uppgötva allar verulegar skekkjur séu þær til staðar. Skekkjur geta orðið vegna mistaka eða sviksemi og eru álitnar verulegar ef þær gætu haft áhrif á fjárhagslega ákvarðanatöku notenda ársreikningsins, einar og sér eða samanlagðar.

Ríkisendurskoðun,

Óskar Sverrisson,
endurskoðandi

Skýrsla og áritun stjórnar

Félagið var stofnað í október 2021 en engin starfsemi hófst á árinu 2021.

Hlutverk félagsins er að standa að fjármögnun á minni fjárfestingum hjá ríkisaðilum sem styðja við umbætur og hagræðingu í ríkisrekstri, s.s. hugbúnaðarkerfum, vélum, tækjum o.þ.h.

Það er álti stjórnar félagsins að allar upplýsingar sem nauðsynlegar eru til að glöggva sig á stöðu félagsins í árslok. Á árinu starfaði enginn starfsmaður hjá félaginu.

Ríkissjóður Íslands kt. 540269-6459 er eini hluthafi félagsins.

Það er álit stjórnar Fjárfangs ehf. að ársreikningur félagsins sé í samræmi við lög um ársreikninga og reglugerð um framsetningu og innihald ársreikninga og er það álit stjórnar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af eignum, skuldum og fjárhagsstöðu félagsins 31. desember 2021.

Stjórn Fjárfangs ehf. staðfestir hér með ársreikning félagsins fyrir árið 2021 með undirritun sinni.

Reykjavík,

Stjórn:

Efnahagsreikningur 31. desember 2021

	Skýr	31.12.2021
Eignir		
Veltufjármunir		
Tengdir aðilar		0
Handbært fé	2	<u>50.000.000</u>
Veltufjármunir samtals		<u>50.000.000</u>
Eignir samtals		<u><u>50.000.000</u></u>
 Eigið fé og skuldir		
Eigið fé		
Hlutfé	3	50.000.000
Lögbundinn varasjóður		0
Óráðstafað eigið fé		<u>0</u>
Eigið fé samtals		<u>50.000.000</u>
 Skuldir		
Skammtímaskuldir:		
Ýmsar skammtímaskuldir		<u>0</u>
Skuldir samtals		<u>0</u>
Eigið fé og skuldir samtals		<u><u>50.000.000</u></u>
 Aðrar upplýsingar		
	4	

Skýringar með efnahagsreikningi eru óaðskiljanlegur hluti efnahagsreiknings

Skýringar

1. Yfirlit um helstu reikningsskilaaðferðir

Grundvöllur reikningsskila

Ársreikningurinn er gerður í samræmi við lög um ársreikninga. Hér er gerð grein fyrir helstu reikningsskilaaðferðum sem beitt er við gerð ársreikningsins. Reikningsskilin eru skv. kostnaðarverðsreglu og eru á rekstrargrunni að öðru leyti en sjóðsstreymi sem er gert á greiðslugrunni.

Við gerð reikningsskilanna þurfa stjórnendur að meta ýmis atriði og gefa sér forsendur um mat á eignum og skuldum. Aðferðir þessar eiga sér stoð í góðri reikningsskilavenju eða styðjast við ákvæði ársreikningalaga, en raunverulegt verðmæti þeirra liða sem þannig eru metnir getur við sölu eða innlausn reynst annað en niðurstaða samkvæmt matinu.

Handbært fé

Handbært fé og jafngildi þess eru færð í efnahagsreikning á kostnaðarverði. Handbært fé samanstendur af sjóði og óbundnum bankainnstæðum.

Viðskiptaskuldir og aðrar skuldir

Viðskiptaskuldir og aðrar skuldir eru skráðar eftir mati á þeim útgjöldum sem þarf til að gera upp skuldbindinguna. Skuldir sem gerast upp eftir lengri tíma en 12 mánuði, aðrar en orlofsskuldbinding, eru skráðar á núvirði áætlaðs framtíðarsjóðstreymis vegna greiðslu þeirra.

Skuldbindingar

Skuldbindingar eru framtíðarútgjöld og -skuldir í samningum sem gerðir hafa verið á reikningsskiladegi.

Tengdir aðilar

Tengdir aðilar er ríkissjóður og aðrir ríkisaðilar í A-hluta ríkissjóðs.

Skýringar

2. Handbært fé

Handbært fé greinist þannig:

Handbært fé.....	50.000.000
	<u>50.000.000</u>

3. Eigið fé

Yfirlit um breytingar á eiginfjárreikningum

	Hlutfé	Óráðstafað eigið fé	Samtals
Framlag ríkissjóðs.....	50.000.000		50.000.000
Afkoma ársins.....		0	0
Jöfnuður 31/12	<u>50.000.000</u>	<u>0</u>	<u>50.000.000</u>

4. Aðrar upplýsingar

Skuldbindandi samningar

Engir skuldbindandi samningar hjá félaginu.

Veðsetningar

Engar veðsetningar hvíla á eignum félagsins.

Veittar ábyrgðir

Félagið hefur ekki gengist í neinar ábyrgðir vegna þriðja aðila

Óafturkallanleg loforð

Félagið hefur ekki veitt nein óafturkallanleg loforð sem hafa áhrif á framtíðarrekstur þess.

Atburðir eftir reikningsskiladag

Engir atburðir hafa átt sér stað eftir reikningsskiladag sem hafa áhrif á fjárhagsstöðu og upplýsingar í ársreikningi.